

Eruð þið ánægð ef þið megið spyrja um eitthvað?



4. júní - 4. september 2022
LISTASAFN ÁRNESINGA

Þakkir:

Eggert Pétursson

Endre Tót

Géza Perneckzy

Ingólfur Arnarsson

Kristján Guðmundsson

Kees Visser

Rúri

Sigurður Guðmundsson

László Százados

Nýlistasafnið

Listasafn Íslands

Ludwig Museum – Museum of Contemporary Art, Búdapest

acb Gallery, Búdapest

BERG Contemporary

i8 gallerí, Reykjavík

Vintage Galéria Búdapest

In-Out Center Archives, Amsterdam

Printed Matter, Inc. New York

Darling Green, Inc. New York

Einkasafnarar í Amsterdam, Búdapest,
París og Reykjavík

Corinne Groot, Jeremy Johnston, Csaba Kézér,
Freyr Kolbeinsson, Pétur Magnússon,
Halldór Björn Runólfsson, Patrick Urwyler

Styrktaraðilar sýningarinnar:



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Ritstjórn: Zsóka Leposa og Kristín Scheving

Þýðing: Anna Yates, Ingunn Snædal og Benedek Purkathofer

Prófarkalestur: Liam Sprod

Ljósmyndarar: József Rosta / Ludwig Museum – Museum of Contemporary Art © [according to the copyright owner]; Mieke Hille; Museum of Fine Arts – Hungarian National Gallery, Búdapest.

Hönnun: Kúper Blakk & Max Riley

Kápuhönnun byggð á:

Yes-No Strategy [1972] eftir Géza Perneckzy

Prentun: Pixel

Útgefið af: Listasafni Árnésinga, júní 2022

ISBN 978-9935-9527-5-2

Formáli - Kristín Scheving	5
Norðurtengsl - Zsóka Leposa	6
Bréf og endurminningar. In-Out Center, Amsterdam	
Géza Perneczky	18
Um Galerie Lóa, Haarlem	22
Viðtal við Rúrí	
Viðtal við Kees Visser	
Minningarbrot frá Gallerí Suðurgötu 7	28
Eggert Pétursson	
og Ingólfur Arnarsson	

Pegar að Zsóka Leposa listfræðingur sem vinnur hjá safninu sagði mér frá doktorsverkefni sínu kveikti það strax mikinn áhuga hjá mér að vita meira. Ég hafði sjálf menntað mig erlendis og þessi hluti íslensku listasögunnar hafði aðeins farið fram hjá mér. Eftir að hafa heyrt meira um þetta og fengið innsýn inn í þennan tíma spurði ég hana hvort að það væri ekki kominn tími á að setja þetta saman í sýningu. Og jú, það fannst henni líka og undirbúningstíminn hófst. Zsóka hafði þá í mörg ár rannsakað þennan tíma, tekið viðtöl við nokkra eftirlifandi listamenn sem komu við sögu, rannsakað safnkost Nýlistasafnsins og nú þurfti að kafa enn dýpra. Zsóka fékk þá til liðs við sig sýningarstjórnann og listfræðinginn László Százados sem fór að rannsaka gögn í Ungverjalandi. Hún fór í rannsóknarferð til Þýskalands til að hitta eftirlifandi listamenn frá Ungverjalandi og tók viðtöl við þá og fór einnig til Ungverjalandis í sama tilgangi, ásamt því að hitta hina listamennina sem koma við sögu.

“Við vonum að með þessari sýningu vekjum við enn meiri áhuga hjá gestum safnsins á þessum hluta sögunnar og getum reynt að setja okkur í spor þeirra þegar að ritfrelsi, málfrelsi og ferðafrelsi var verulega hamlað.”

Við áttum þó ekki von á að staðan í Evrópu væri eins og hún er þegar að þessi orð eru rituð, að það væri aftur stríð og allt tal um austur og vestur hefur magnast. Stríðið er við bæjardyr Ungverjalandis og veldur íbúum þar miklum kvíða eins og fólki út um allan heim.

Við viljum þakka þeim sem að þessari sýningu koma, listamönnum fyrst og fremst, öðrum rannsakendum, listasöfnum, galleríum og söfnurum sem hafa lánað verk á sýninguna og vil ég persónulega þakka Zsóka Leposa og László Százados fyrir vandaða rannsókn og áhugaverða sýningu.

Kristín Scheving
Safnstjóri Listasafns Árnesinga

NORÐUR- TENGL.

■ Zsóka Leposa

„Ég gleðst þegar ég get spurt einhvers því að oft get ég ekki spurt neinn um neitt. Eftir dálítinn tíma fer ég að þrúa að geta loksins spurt að einhverju (...).“

Þetta er eitt verkanna úr hinni vel þekktu seríu *1/2 Dozen Berliner Gladness Postcard* seftir ungverska listamanninn Endre Tót (*Mynd 1*), sem varðveitt er í safni Nýlistasafnsins í Reykjavík. Í maí 1977 fékk Tót styrk frá Þýsku skiptinámssamtökunum (DAAD) til náms í Vestur-Berlín. Hins vegar var honum endurtekið neitað um vegabréf, eins og algengt var um ungverska menntamenn á þessum tíma. Með hjálp erlendra aðila hófst fjölmiðlaherferð honum til stuðnings og eftir tæpt ár létu yfirvöld undan og Tót fékk leyfi til ferðarinnar. Honum var þó bannað að snúa aftur til Ungverjalands næstu fimm árin og ríkið hirti íbúðina hans. Póstkortíð sýnir klemmuna sem Endre Tót var settur í - dæmdur til útlegðar í Vestur-Berlín þar sem hann fékk tímabundið hlé frá vægðarleysi hinna síðsósíalísku málamiðlana. Það endurspeglar líka dökkan hliðar fólksflutninga af landi brott: einmanaleika, þörf fyrir samneyti við aðra og fyrir félagsleg tengsl.¹

Í þessari ritsmíð verður fjallað um þær aðferðir og möguleika sem framúrstefnulistafólk Austurblokkarinnar komu sér upp til að tengjast vestrænu listasenum á áttunda áratugnum

þegar öll samskipti voru vandlega ritskoðuð og ferðalög afar takmörkuð. Hér verður einnig varpað ljósi á það tímabil seint á sjöunda áratugnum og á þeim áttunda þegar íslenskur listheimur var að opnast fyrir flúxus- og póstkortalist, þökk sé viðtækri tengslamyndun listafólks og listamannarekinna gallería á borð við SÚM og Gallerí Suðurgötu 7. Þessi tvíhliða tilraun til að tengjast leiddi til líflegra bréfaskrifta og nokkurra sýninga á verkum ungversks listafólks sem sendi verkin sín og leiðbeiningar með pósti en gat ekki verið viðstatt þær í eigin persónu.

Veigalítil gögnin; frímerki, póstkort, spurningalistar o.s.frv., sem flúxus- og konseptlistamenn höfðu í hávegum hentuðu fullkomlega til sýninga á póstkortalist. Í Austurblokkinni, hins vegar, varð slík list ekki einungis aðferð til samskipta heldur einnig til að fylgjast með þróuninni í öðrum löndum. Ungverjalandi var stjórnað af sósíalístum á þessum tíma og óritskoðaðir smátexar voru oft hæðnislegt svar við ritskoðun, einangrun og bælingu. Við munum sjá þær hárfínu leiðir sem ungverskt listafólk varð að þræða til að mæta tvenns konar listrænum væntingum: að vera móðins og í takt við vestræna listasenu en varðveita um leið sjálfsmýnd sína og listræn heilindi.

Leiðir til tengingar

Í Austurblokkinni var Ungverjaland ekki jafn einangrað og áður. Frá 1961 byrjuðu yfirvöld landsins að veita þegnum leyfi til

1 Sjá: Klara Kemp-Welch, *Antipolitics in Central European Art 1956-1989. Reticence as Dissidence under Post-Totalitarian Rule* (London og New York: Bloomsbury, 2014; 2016), bls. 181.




MYND 1: Endre Tót: *½ Dozen Berliner Gladness Postcards (1973-1978)*, EDITION HERTA, Berlin 1979
 Úr safneign Nýlistasafnsins

MYND 2: Géza Perneckzy: *Anti-Reflection*, 1971
 Birtist í: *Aktuelle Kunst in Osteuropa* (ritstj. Klaus Groh; Köln: DuMont Schauberg, 1972)

að ferðast til annarra sósíalískra landa, þar á meðal Póllands sem var eins og Bandaríkin í augum Ungverja. „Með orðum ungverska listamannsins Gábors Altorjay: „Í landinu var rekin frjálslynd stefna í menningarmálum, það var Mekka í augum okkar; við lærðum pólsku, þar var spilaður djass; og Wajda, Polański, Gombrowicz og Mrozek voru fyrirmyndir okkar. Árið 1965 upplifðum við flúxus (Cornelius Cardew) í fyrsta sinn á næturtónleikum á hausthátíðinni í Varsjá, án þess að vita að það væri flúxus“.²

Hjá lögmætum yfirvöldum gátu Ungverjar sótt um að ferðast í austurátt en neitununum fylgdu engar útskýringar. Hvað ferðalög í vesturátt varðaði segir Endre Tót: „Við máttum dvelja þrjátíu daga í vestrinu á þriggja ára fresti, en ekki alltaf.“ Þau sem fengu leyfi til að ferðast til Vesturlanda gátu átt von á því að fylgst yrði með þeim til frambúðar. Hverju gildu vegabréfi máttu fylgja að hámarki 70 Bandaríkjadalir. Ef hærrí upphæð fannst heima hjá einhverjum var það álitinn glæpur. Gjaldeyrisupphæðin var skráð á lista sem fylgdi vegabréfinu.

Þar sem ferðalög voru af skornum skammti urðu vandlega samanteknir listar af alþjóðlegum heimilisföngum leiðin til að koma af stað samræðum, eignast vini og fylgjast með því sem gerðist í öðrum löndum.³ Tót rifjar upp að ritskoðun á pósti hafi verið gloppótt, í besta falli: „Það var lítið sem ekkert fylgst með mínum bréfum, sem þýddi að ég gat haldið góðu sambandi við Vesturlönd.“ Tímarit, bækur um listafólk, póstkort,



frímerki og prent af ýmsu tagi gekk manna á milli í sístækkandi tengslanetum.

Í lok sjöunda áratugarins jókst áhugi fólks á Vesturlöndum á listastefnum handan járntjaldsins. Mikilvægan þátt í því átti vesturþýski fræðimaðurinn og rithöfundurinn Klaus Groh sem stofnaði Fyrstu alþjóðlegu söluskrifstofu konseptlistar í Oldenburg 1968. Petr Štembera, tékkneskur konseptlistamaður, hafði frumkvæði að því að safna verkum konsept-, líkams-, land- og athafnalistar frá Austur-Evrópu, sem Klaus Groh gaf út í bókinni *Nútímalist í Austur-Evrópu (Aktuelle Kunst in Osteuropa)* nokkrum árum síðar, eða 1972.⁴ [Mynd 2] Í ritinu birtist í stafrófsröð listafólk af upprennandi nýframúrsteftunlistasenuinni í Júgóslavíu, Póllandi, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu, Rúmeníu og Ungverjalandi. Töluvert úrval af konseptlist, flúxus, póstkortalist og tilraunavikmyndum frá Austur-Evrópu varð

² Sama heimild, bls. 105.

³ Sjá: Klara Kemp-Welch og Cristina Freire (ritstj.), „Artists' Networks in Eastern Europe and Latin America“, *ARTMargins* #2 (júni-október 2012), bls. 3.

⁴ Klaus Groh (ritstj.), *Aktuelle Kunst in Osteuropa - ČSSR, Jugoslavien, Polen, Rumänien, UdSSR, Ungarn* (Köln: DuMont Schauberg, 1972).

MYNDIR 3-4: Géza Perneczky: *Yes-No. Dialectical pendulum*, 1972

Birt í: SÚM á Listahátíð í Reykjavík 1972 [Reykjavík, 1972]. Myndir úr safneign Nýlistasafnsins



aðgengilegt vestrænum áhorfendum í fyrsta sinn. Ritinu var mjög vel tekið og því dreift víða í gallerí og manna á milli á Vesturlöndum. Það hvarf hins vegar fljótlega úr hillum vestrænna bókabúða, útgáfufyrirtækin – sem létu undan þrýstingi frá austantjaldslöndunum – urðu að taka þessa „ögrandi sýnisbók“ af markaðnum. Hins vegar höfðu listafólkið og galleriþegar komist í samband við kollega sína og ákóf samskipti voru komin á.⁵

Þessi bók og Klaus Groh sjálfur léku lykilhlutverk í fyrstu tengslum ungversks og íslensks listafólks. Það var Groh sem bauð Ungverjanum Géza Perneczky, sem bjó þá í Vestur-Þýskalandi, á alþjóðlegum SÚM-sýninguna á *Listahátíð Reykjavíkur* 1972:

„Fyrir hönd SÚM-gallerísins [Reykjavík, Vatnsstíg 3B / box 119] býð ég þér að taka þátt í alþjóðlegu listasýningunni. Gerðu svo vel að senda sem fyrst (fyrir 1. apríl) til: Sigurður Guðmundsson, 2E Helmersstraat 35 / I, AMSTERDAM / Holland - - - fyrir sýningarskrána, 2 blaðsíður af stærðinni 20.5x27.5 cm. Þú mátt senda hvað sem þú vilt en þarft að hafa stærðina í huga [offset prent].“⁶

Skipuleggjendur SÚM-sýningarinnar notuðu aðferð sem var algeng á þessum tíma til að skipuleggja ódýrar sýningar, og báðu


þátttakendur um að senda inn verk í A4-stærð sem mætti sýna og endurprenta í sýningarskránni. Í þessari skrá eru verk 58 listamanna sem gefa áhugaverða mynd af konseptlist frá Íslandi og öðrum löndum,⁷ fyrst og fremst vestrænum (Þýskaland, Holland, Bandaríkin) en einnig voru verk listamanna handan járntjaldsins sýnd, líklega í fyrsta sinn á Íslandi: Petr Štembera frá Tékkóslóvakíu; fjórir Ungverjar: Imre Bak og Gábor Attalai frá Búdapest og tveir sem flutt höfðu burt: áðurnefndur Géza Perneczky frá Köln og Janos Urban frá Sviss; serbneska ljóðskáldið og listamaðurinn Mirosljub Todorović frá Júgóslavíu. Klaus Groh átti sjálfur tvær síður á sýningunni. Öll upprunalegu verkin sem send voru til sýningarinnar má finna í geymslum Nýlistasafnsins. [Myndir 3-4, 5-6]

Þetta snið og þessi aðferð féllu fullkomlega að hinni óápreifanlegu konseptlist. Í Ungverjalandi er upphaf stefnunnar rakið til 1971, þegar listfræðingurinn László Beke sendi 28 ungverskum listamönnum beiðni um að búa til hugmyndaríka sýningu með titlinum *Hugmyndaflug*. Í beiðninni segir hann: „Það má taka þátt með alls konar listrænum athugasemdum, eins mörgum og vilji stendur til (...) einu skilyrðin eru að verkinu verður að vera

5 Mónika Zombori, Perneczky Géza, és a konceptuális művészet hetvenes évek elejii invázió-hulláma, in Zsuzsanna Benkő [ritstj.], *Perneczky Géza: Yes - No művészet* (Búdapest: kArton Karikatúra és Képregény Múzeum Alapítvány, 2012) bls. 19.

6 Bréf skrifað á þýsku, frá Klaus Groh til Géza Perneczky, 14.02.1972, úr óútgefnum skjölum listamannsins. Sjá: A KÖLN – BUDAPEST KONCEPT. Bizalmas levéltári anyag az 1971-1972-1973-as esztendő magyarországi és nemzetközi Koncept Art mozgalmának a tudományos kutatásához, bls. 131. Með leyfi Géza Perneczky.

7 Hreinn Friðfinnsson, Jón Gunnar Árnason, Magnús Pálsson, Kristján Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson, Douwe Jan Bakker [ritstj.], *SÚM á Listahátíð í Reykjavík*, 1972 4. júní / 21. júlí [Reykjavík, 1972].



lýst þannig að við getum gert okkur það í hugarlund (...) þ.e.a.s.: VERKIÐ = SKRÁSETNING HUGMYNDAFLUGSINS. Efninu sem berst verður líklega komið fyrir í möppu af venjulegri stærð.⁸ – Og þannig safnaði hann verkunum saman og varðveitti þau (flest í stærðinni A4) og þau hafa ekki verið til sýnis almenningi í fjörutíu ár.⁹

Aðferðir listafólksins: Húmor, nýlenska og yfirtaka tákna

Til að skilja betur tjáningu listafólks Austurblokkarinnar verðum við að öðlast dýpri skilning á því hvernig lífið gekk fyrir sig í Mið-Evrópu á þessum tíma. Snemma á áttunda áratugnum spratt fram ný tegund andspyrnu í austurhluta Mið-Evrópu. Klara Kemp-Welch lýsir því í bók sinni að markmið andspyrnunnar eftir 1968 hafi verið að lýðræðisvæða samfélagið frekar en ríkið. Hún vitnar í tékkneska skáldið Ivan Martin Jirous: „Markmið neðanjarðarstarfsemi okkar er að skapa annan menningarheim, menningu sem er algjörlega óháð öllum formlegum fjölmiðlum (...) sem hin ráðandi öfl reka. Henni er ekki ætlað að stefna að því að vinna bug á kerfinu vegna þess að það myndi í raun



MYNDIR 4-5: Gábor Attalai: *Þegar maður getur hvorki fengið né gefið upplýsingar* (enstaklingsathöfn) 1971.

Birt í: SÚM á Listahátíð í Reykjavík 1972 [Reykjavík, 1972]. Myndir úr safneign Nýlistasafnsins.

og veru þýða að við féllum í þá gildru að taka þátt í leiknum á forsendum þess.“ Og þeir listamenn sem fjallað er um hér voru auðvitað „pólitískir“, á ólíka vegu og í mismunandi mæli, vegna þess að þeir tóku ekki þátt í pólitík og lögðu áherslu á að verk þeirra væru ekki „pólitísk“ sem slík.¹⁰

Á áttunda áratugnum í Ungverjalandi var ritskoðunarferli í listheiminum ekki gagnsætt. Samþykking varð hverja einustu sýningu áður en hún var opnuð. Nefnd fór yfir verkin sem sýna átti og gat tekið einstök verk út úr sýningunni eða hafnað henni í heild. Hins vegar nefndu yfirvöld aldrei pólitískar ástæður fyrir slíkri höfnun heldur notuðust yfirleitt við formlegt tungumál. Þess konar nýlenska ruddi sér einnig til rúms sem tungumál listarinnar. Listafólk lék sér með liti, dulin og ódulin pólitísk tákni og notaði óljósar vísbendingar í sögulega atburði sem allir skildu á þeim tíma en flokksyfírvöld áttu erfitt með að festa fingur á. „Nýlenskan gegnsýrði ungverskt samfélag á óteljandi vegu: yfirvöld í landinu sögðu ólíka hluti innanlands eða út á við. Hagkerfið breyttist smám saman úr einræðishagkerfi yfir í sibreytilegt, „frjálstlegt“ og blandað hagkerfi, sem stjórnvöld gátu aldrei réttlætt en reiddi sig engu að síður á þögult samþykki samfélagsins. Orðræða fólks var gjörólík eftir því hvort það talaði í einrúmi, í fjölmiðlum, bókmenntum eða í leikhúsi, og „að lesa á milli lína“ varð algengur miðlunarmáti, með því mátti túlka texta á ýmsa, mótsagnakennda vegu.“¹¹


Fyrir ungverska áhorfendur var augljóst hvernig átti að lesa á milli línanna en í sýningum erlendis voru hin tvöfalda merking

8 Dóra Hegyi, Zsuzsa László, Eszter Szakács [ritstj.], *IMAGINATION/IDEA: The Beginning of Hungarian Conceptual Art. The László Beke Collection 1971* (Budapest: tranzit.hu, 2014) bls. BEKE [1].

9 Um framhaldslíf safnsins, áhrif, pólitískan og menningarlegan bakgrunn þess, heimildir og fleira, sjá: Dóra Hegyi, Zsuzsa László, Zsóka Leposa, Enikő Róka [ritstj.], 1971: *Parallel Non-Synchronism*. Sameiginlegt verkefni Budapest History Museum, Kiscell Museum – Municipal Gallery and tranzit.hu [verður gefið út 2022].

10 Klara Kemp-Welch, *Antipolitics 2016*, bls. 2-4.

11 Edit Sasvári, *Autonomy and Doublespeak: Art in Hungary in the 1960s and 1970s*, í Edit Sasvári, Sándor Hornyik, Hedvig Turai [ritstj.], *Art in Hungary 1956-1980: Doublespeak and Beyond* (London: Thames & Hudson, 2018) bls. 17.

MYNDIR 7-8-9: Géza Perneczky: *Art Bubbles* (1-2-3), 1972

Ludwig Museum - Museum of Contemporary Art, Búdapest

verkanna og mestöll pólitísku skilaboðin á huldu. Sýningar slógu aðeins í gegn ef listafólkið náði máli á alþjóðlegum vettvangi.

Já-nei aðferðir í In-Out Center í Amsterdam

In-Out Center var fyrsta sjálfstæða, listamannarekna galleríið í Amsterdam. Árið 1972 leigði Michel Cardena jarðhæðina í litlu húsi við síki í miðborginni og bauð átta listamönnum að vinna með sér að sjálfstæðri listamiðstöð sem starfaði til 1974. Níu listamenn frá Hollandi, Rómönsku Ameríku og Íslandi „ráku senu sem bauð upp á allt sem var nýtt á þeim tíma: gjörninga, videólist, ljóðaflutning, hljóðlist, konseptlist og listamannabækur.“¹² Michel Cardena, Ulises Carrión, Raul Marroquin, Hreinn Friðfinnsson, Sigurður Guðmundsson, Kristján Guðmundsson, Hetty Huisman, Pieter Laurens Mol og Gerrit Jan de Rook buðu listafólki að sýna og þannig varð til afar fjölbreytt listastarf á alþjóðlegum skala.

1973, þegar Géza Perneczky sýndi í In-Out Center í Amsterdam, voru Sigurður og Kristján Guðmundssynir þegar komnir með mikla reynslu af rekstri listagallería. Kristján hafði stofnað Fignal-galleríið heima hjá sér í Amsterdam 1971. Fyrstu þrjár sýningarnar voru haldnar þar og síðan var galleríið flutt heim til Hreins Friðfinnssonar í Amsterdam. Árið 1972 hófu þeir rekstur In-Out Center í samvinnu við mexíkóska skáldið og konseptlistamanninn Ulises Carrión. Géza og Ulises voru vinir og hann kynntist bræðrunum Kristjáni og Sigurði í Amsterdam, sem leiddi til þess að þeir buðu honum að halda einkasýningu í In-Out Center.

Géza Perneczky (f. 1936) flutti til Vestur-Þýskalands 1970 á heldur óvenjulegan hátt. Hann hafði búið í Búdapest og verið listgagnrýnandi fyrir vel þekkt vikurit, *Élet és Irodalom* (Líf og bókmenntir). Skrif hans vöktu sífellt meiri pólitíska athygli og ollu vandræðum á vikulegum ritstjórnarfundum flokksins sem bar ábyrgð á pólitískum skrifum í tímaritinu. Þegar Perneczky fékk boð á ráðstefnu um listmenntun í Vestur-Þýskalandi lét yfirmaður hans hann náðarsamlegast vita að „þeir á efri hæðinni yrðu alls ekkert ósáttir þótt hann kæmi ekki heim úr ferðinni.“¹³ Honum var ennfremur tjáð að fjölskylda hans myndi ekki lenda í neinu veseni þótt hann flytti úr landi (sem gat oft verið tilfellið). Eftir ráðstefnuna fór Perneczky því fyrst til samlanda síns, myndhöggvarans Lajos Barta, sem bjó í Köln, settist svo að í borginni og hefur búið þar síðan.

Það gjörbreytti lífi Perneczkys að búa aleinn í útlöndum, laus við öll gömul tengsl og samskipti við fjölskyldu, vini og aðra listamenn. Þegar hann hafði komið sér fyrir í Köln hélt hann áfram tilraunum sínum í konseptlist. „Orðið list var hálmstráíð sem ég hékk í. Ég hef reynt að fanga hugtakið „list ekki list“ á alla mögulega vegu. Upphafspunkturinn var einfaldlega orðið sjálfst, eða merking þess eða grunnform þess.“¹⁴ Í myndaröðinni *Art Bubbles* þróaði hann þessa hugmynd áfram á fagaðan og hæðinn máta: setti orðið „list“ fyrir framan gluggann svo að það endurspegladist í sápukúlunum sem hann blés. Gamansama og lífandi lýsingu Perneczkys á því að setja upp sýninguna og sýna í In-Out Center má lesa í sýningarskránni. [Myndir 7-8-9, 10-11]

¹² Nákvæma umfjöllun um sögu gallerísins og verkin er að finna hér: <https://inoutcenterarchives.nl/>, tekið saman af Tineke Reijnders og Corinne Groot. Mig langar að þakka Corinne sérstaklega fyrir veitta aðstoð í rannsóknum mínum.

¹³ Géza Perneczky, *Egy disszidálás története I-II*, *Litera* 29.12.2017, <https://litera.hu/irodalom/publicisztika/perneczky-geza-egy-disszidalas-tortenete.html>

¹⁴ Mónika Zombori, *Perneczky 2012*, bls. 15.



MYND 10: Uppsetning á einkasýningu Géza Perneczky í In-Out Center, Amsterdam, 1973
Birt með leyfi In-Out Center Archives, Amsterdam

Red-y mades í Hollandi og íslensku hrauni

Meðal aðferða ungverska listamanna var yfirtaka á táknum og hlutum. „Markmiðið var að lauma sér inn á óvinasvæðið: taka yfir táknið og endur- og mistúlka þau á kaldhæðinn hátt, til að vinna spellvirki. Gábor Attalai notaði rauðan – lit sovéska fánans og almennt tákn kommúnismans – til að gera hluti samstæða, einsleita: Ljósmyndir, hlutir, landslag og listamaðurinn (Marchel Duchamp) nýttust sem fyrirmynd orðaleiksins – ready-made (búinn til)->red-y made (búinn til úr rauðu).”¹⁵ [Mynd 12] Tilbúnir hlutir Duchamps urðu rauð-búnir hlutir í Austurblokkinni. Attalai sjálfur sagði: „Hérna var allt rautt – maður fór út 1. maí og hvert sem förinni var heitið var allt rautt, rautt, rautt.”¹⁶ Þessi orðaleikur og kaldhæðnisleg ofnotkunin á rauða litnum var augljós: „Allir skynjuðu hæðnina á þessum tíma; [...] samt gat lögreglan ekki ásakað hann um niðurrífsstarfsemi,” sagði listfræðingurinn László Beke í umfjöllun um list áttunda áratugarins í Ungverjalandi.

Attalai þandi út hugmynd Marcel Duchamps um hið tilbúna. Í hans augum var „raunveruleikinn” sjálfur tilbúinn; skynja mátti allan heiminn sem samfellda dagskrá tilbúinna (ready-made) hluta.¹⁷ Þar með talin eru náttúruleg efni og þættir í umhverfi siðmenningarinnar. Attalai leit á hið tilbúna sem tæki til að endurmeta heiminn sem við búum í. Auðveldasta leiðin til þess var að taka ljósmynd og aðskilja hana frá veruleikanum með rauðlituðum uppfinningum. Stundum notaði hann náttúrulegt efni sem tilbúinn hlut. Með því að mála það rautt einangraði hann það frá umhverfi sínu (eins og steina í íslenskri hraunbreiðu eða súlu fyrir framan Galerie Lóa í Haarlem) og breytti fyrirbærinu í tilbúna útgáfu af sjálfu sér.

Rúrí, Helgi Þorgils og Kees Visser stofnuðu Galerie Lóa í Haarlem í Hollandi 1976. Þau gætu hafa rekist á nöfn austurevrópsks listafólks hjá Ulises Carrión, í bókabúðinni Bookie Wookie og í ýmsum listatímaritum. Þau buðu Gábor Attalai að halda

15 László Százados, Gábor Attalai, í *Dada and Surrealism: Rearranged Reality*, Búdapest: Listasafn Ungverjálans, 2014.

16 Dávid Fehér, TRANSFER IDEAS: Notes to the conceptual works of Gábor Attalai, í *ATTALAI GÁBOR: Konceptuális művek / Conceptual Works 1969–85* [Búdapest: Vintage Galéria, 2013] bls. 16.

17 Sjá: Ágnes Gyetvai, Attalai Gábor: „Red-y made az egész világ”, *Művészet Évkönyv*, 1978, bls. 235-237.



MYND 12: Gábor Attalai: *Red-y made* series/59, 1974
Listasafn Ungverjalands, Búdapest

MYND 11: Opnunardagur einkasýningar Géza Perneczky í In-Out Center, Amsterdam, 1973
(í bakgrunninum Kristján Guðmundsson og Krisztina de Châtel)

Birt með leyfi In-Out Center Archives, Amsterdam og Géza Perneczky

einkasýningu 1977. Þar sem listamaðurinn gat sjálfur ekki komið til Haarlem skipulögðu þau gjörvalla sýninguna með líflegum bréfasamskiptum sem varðveitast í skjalasafni Nýlistasafnsins í Reykjavík. Attalai, sem var trúr uppruna sínum og búinn að skapa sér nafn, skipulagði „Red-y-made“ sýningu í Galerie Lóa. Hann bað Rúrí að taka myndir af umhverfinu og senda honum framkallaðar myndir. Svo gerði hann breytingar á myndunum með rauðri málningu og sendi þær til baka, með óskum sínum um hönnun boðskortsins og veggspjaldsins. Hann bað Rúrí líka að mála ýmsa hluti fyrir utan galleríið í rauðum lit (hluta af götunni og eina súlu), sem þurfti að ræða við nágrannana. Að auki hannaði hann rauðar örvar sem hengdar voru upp á umferðarskiltin í kringum galleríið og bentu í gagnstæða átt. Með þessum rauð-búnu hlutum inni í safninu og listrænum breytingum utandyra gat Attalai haldið fullkomna sýningu. [Myndir 13-16]

Ári síðar, 1978, var Attalai boðið til Íslands í annað sinn til að halda einkasýningu, í þetta sinn í Gallerí Suðurgötu 7. Galleríið hóf starfsemi 1976 en fyrsta árið fór að mestu í vinnu við húsið. Eggert Pétursson og Ingólfur Arnarsson unnu þar sem nemendur Magnúsar Pálssonar sem kenndi þá í Myndlistaskólanum. Í byrjun árs 1978 bauð Magnús Robert Filiou að koma sem gestakennari til skólans. Filiou hafði mikil áhrif með kenningu sinni um hið „eilífa kerfi“ (eternal network) og tengsl sín við listafólk um allan heim. Hann lét Eggert og Ingólf fá lista yfir erlent listafólk og þeir byrjuðu að skrifa bréf og bjóða fólki möguleikann á sýningum.


Gábor Attalai svaraði (líkt og margir aðrir) og þeir byrjuðu að hanna verkefni sem var mjög svipað sýningunni í Galerie Lóa, í gegnum bréfasamskipti þar sem listamaðurinn hafði ekki tók á að ferðast frá Búdapest til Íslands. Attalai bað ungu listamennina um að taka myndir af götum Reykjavíkur og af byggingunni sem galleríið var í og senda honum framkallaðar myndir, sem hann sendi til baka með rauðum breytingum. Þessi verk, framkölluðu myndirnar í A3-stærð, vandlega skreyttar með rauðu límbandi eða málaðar með rauðu lakki, eru varðveittar í *Red-y made-bókinni* í safneign Listasafns Íslands.¹⁸ Hann gaf líka fyrirmæli um að mála stigann, dyrnar og gluggakarmana í safninu í rauðum lit, um hvernig ætti að hengja myndirnar upp og búa til gúmmístimpla með RED-Y MADE áletrunum, og um hvernig boðskortið ætti að vera. Í ofanálag bað hann Eggert og Ingólf um að mála steina í hrauninu rauða. Þeir fóru í sunnudagsbílúr á bíl Hannesar Lárussonar og leituðu að steinum á nákvæmlega réttum stöðum til að leggja lokahönd á sýningu ungverska listamannsins. [Myndir 17-18]

Fyrir sýninguna á Suðurgötu 7 bauð Attalai upp á eitt atriði í viðbót, sem fól í sér mannslíkamann, gjörning og myndskreytingu í hinum tilbúna heimi. Þar sem Rúrí bjó á Íslandi á þessum tíma bað hann hana að senda sér ljósmynd af henni sjálfri í sjö eintökum. Síðan sendi hann myndirnar til baka með rauðum línunum dregnum á þær. Meðan á sýningunni stóð skreytti Rúrí andlit sitt með rauðum varalit til samræmis við myndirnar. Hún varð að vera með rauða línu á andlitinu allan daginn og reka

18 Gábor Attalai: *RED-Y MADE book*, A3, 1978, Listasafn Íslands, Inv. Nr.: Lí-4135.



MYND 13: Bréf Gábors Attalai til Rúri Fannberg, 7 apríl 1978
Úr skjalasafni Nýlistasafnsins



erindi sín í Reykjavík og á Selfossi þannig. Í endurminningum hennar kemur fram að fólk sem hún rakst á þann daginn var miður sín, það vildi jafnvel senda hana á sjúkrahús þar sem hún hefði meitt sig í andliti.

Myrkjavíkurregn í Gallerí Suðurgötu 7

Nokkrum mánuðum síðar, um haustið 1978, voru verk eftir ungverska listamanninn Endre Tót sýnd í Gallerí Suðurgötu 7. Hann hafði líka brugðist við bréfi sem sent var út um allan heim nokkrum mánuðum fyrr. Eins og hann hefur sagt í nýlegu viðtali, var sýningin í Reykjavík haldin á tímamótum í lífi hans; þegar hann flutti frá Ungverjalandi til Vestur-Berlínar. Meira að segja bréfin sem fóru á milli hans og listamannanna í Suðurgötu bera vitni um þessi straumhvörf í lífi listamannsins, undirbúningur og skipulag var sent til heimilis hans í Búdapest en fyrirmæli um hönnun boðskorts og framkvæmd sýningarinnar voru send til Reykjavíkur frá Vestur-Berlín.

Endre Tót (f. 1937 í Ungverjalandi) hóf listamannsferil sinn sem einstaklega flinkur abstrakt-expressjónistamálarí. Hins vegar gaf hann málverkið upp á bátinn í kringum 1970 og sneri sér meðvitað að póstkortalist og konseptlist: „Mig langar að leggja áherslu á mjög mikilvæga ástæðu þess að ég hætti að mála: það var útilokað að hafa samskipti með málverkum í Ungverjalandi á þessum tíma. Það var ekki einu sinni hægt að senda myndir

til Košice (í nágrennalandinu Slóvakíu), hvað þá til Vínarborgar eða yfir hafið. Ritskoðun, alls konar aðstæður, milljón litlir hlutir komu í veg fyrir að við gætum flutt ungversk málverk yfir landamærin. Pósturinn gat hins vegar flogið yfir járnaltjaldið, svo að ég hélt nokkrar alvöru einkasýningar á áttunda áratugnum en upprunalega efnið sem hafði verið gefið út um mig komst allt fyrir í litlu umslagi. Þannig þróuðust samskiptin. Og seinna meir var hægt að byggja á því.“¹⁹

Fyrsta Gleðiverk (Gladness) Tóts, frá 1971, var póstkort með setningunni *Ég gleðst yfir að hafa fengið þessa setningu prentaða, áprentaðri, merkt og dagsett, á ungversku og ensku.* Til að gera okkur grein fyrir mikilvægi verksins verðum við að skilja hvernig einræðisstjórnin í Ungverjalandi virkaði: Til að fá að nota hvers konar vélrænan fjölföldunarbúnað (prentvél, stenla, ljósritun) varð viðkomandi að fá leyfi fyrir því sem fjölfalda átti. Þannig höfðu listaverk áttunda áratugarins samskipti með því að hafa engin samskipti. Tót rifjaði síðar upp: „Gleðiverkin mín endurspegluðu alræðisríki áttunda áratugarins. Fáránleg sæla

¹⁹ István Hajdu, TotalJoy. Beszélgetés Tót Endrével, í István Hajdu, *Előbb-utóbb. Rongyszőnyeg az avantgarde-nak* (Búdapest: Orpheusz, 1999), sjá á netinu: [TotalJoy - Tót Endre \(1995\) \[artpool.hu\]](#)



MYNDIR 14-15-16: Gábor Attalai:
Red-y made (Galerie Lóa), 1977
Birt með leyfi Vintage Galéria
Búdapest

Gleðiverkanna var svar mitt við þeirri ritskoðun, einangrun og kúgun sem við upplifðum á öllum sviðum lífsins, þótt kúgunin væri hárfín og erfitt að koma auga á hana.”²⁰

Fyrir sýninguna í Suðurgötu 7 bauð Tót fram póstkortalist sína og skrifaði bréf til Eggerts og Ingólfs um viðfangsefnið Reykjavík (eða Myrkjavík [Darkjavík] eins og hann kallaði hana): „Verkefni mitt fyrir sumardagskrá ykkar: rigning.“ Sýningin bar titilinn *Regnvotar spurningar* (*Rainy Questions*) og hann sendi lista með nánast ólásilegum spurningum um rigningu og tilveruna og það skipuleggjendurnar um að prenta listann í 250 eintökum og senda listafólki um allan heim. Svör bárust frá tæplega 50 listamönnum, fyrir utan langflest framúrstefnulistafólk á Íslandi má þar nefna Daniel Spoerri, Hervé Fischer og Meret Oppenheim. [Mynd 20] Sýningin með útfylltu skjölunum var á annarri hæð gallerísins og henni fylgdi hljóðupptaka af regni - tilbreytingarlausir ritvélar mellir. Eftir sýninguna fékk listamaðurinn spurningalistana senda. Líkt og *Gleðiverkin* hafa *Regnverkin* verið hluti af höfundarverki Endres Tót - andlit hans, brosandí gervibrosi, birtist í öllum bréfum hans og hann byrjar oft setningar með Ég gleðst yfir því að ... eins og hann gerði

í auglýsingu í *Þjóðviljanum* fyrir sýninguna, og í bréfaskriftum við skipuleggjendur sýningarinnar. Þeir skrifuðu honum í apríl 1978: „Auglýsingin þín birtist nýlega. Reyndar var okkur bannað að birta fleiri „skritnar“ auglýsingar í kvöldblöðunum (*Dagblaðið* og *Vísir*) þótt við borguðum fyrir þær (þau hafa fengið símtöl frá reiðu fólki). Þá fórum við til ritstjóra eins morgunblaðanna (*Þjóðviljans*) og fengum vikulegan dálk þar.”²¹

Þegar Endre Tót flutti til Vestur-Berlínar og fáum árum síðar til Kölnar (í Vestur-Þýskalandi) opnaðist hinn vestræni heimur fyrir honum: ritskoðun og pólitísk afskipti heyrðu sögunni til - en þessar skyndilegu breytingar ollu krísu í sköpunargleði hans. Grunnhugmyndir Tóts, *Gleðiverkin*, *Regnverkin* og *Núllin* spruttu úr jarðvegi Búdapest á áttunda áratugnum, þótt óbeint væri, og voru innblásnar af pólitísku landslagi þess tíma. „Þegar ég kom vestur var það allt horfið. Hugmyndirnar skorti fótfestu og innblásturinn gufaði upp. Í Vestur-Berlín, þar sem ég settist að, var erfitt að halda áfram í allt öðru umhverfi. Þótt ótrúlegt mætti virðast fann ég ekki mikið fyrir þessu vegna þess að hugmyndirnar byggðu svo óbeint á pólitískum grunni að það var erfitt að fella gengi þeirra.”²²



MYNDIR 17-18: Gábor Attalai: *Red-y made series* and *Red-y made series/566, Project for Painted Rocks*, 1978
Listasafn Ungverjalands, Búdapest

20 Sjá: Orsolya Hegedüs, *Conceptual Actionism: Addendum to the interpretations of the series Very Special Gladnesses by Endre Tót*, í *Tót Endre: Very Special Gladnesses* (Búdapest: Robert Capa Kortárs Fotográfiai Központ, 2017) bls. 14-21; og Klara Kemp-Welch, *Antipolitics 2016*.

21 Samskipti Endres Tót, Central European Research Institute for Art History (KEMKI) - Hungarian National Gallery, kassí 22, umslag 289.

22 István Hajdu, *TotalJoy 1999*.



◀ MYND 19: *Endre Tót: ½ Dozen Berliner Gladness Postcards (1973-1978), EDITION HERTA, Berlin 1979*
 Úr safneign Nýlistasafnsins

Það reyndist einnig tilfellið að sýningarnar í Gallerí Suðurgötu 7 eða Galerie Lóa í Haarlem gengu aðeins vel ef listafólkinu tókst að laga listrænan boðskap sinn að umhverfinu. Gábor Attalai og Endre Tót voru meistara á því sviði; Red-y made (rauð-búnu) verkin mátti fullt eins vel setja upp í gömlum bæ í Hollandi og á íslenskri hraunbreiðu. Endre Tót fann ennfremur fullkominn samhljóm milli *Regnverka* sinna, póstkortalistar og kaldhæðnislegra viðbragða við almennum tilvistarspurningum í sýningu sinni í Reykjavík. Hvað sýningu Perneckzys í In-Out Center í Amsterdam varðar sjáum við rökrétta notkun eldri konseptverka hans og það er spennandi að fylgja því eftir hvernig díalektísk (já-nei) hugtök hans og tilraunir með orðið „list“ urðu hluti af upphafi konseptlistarinnar í Ungverjalandi í safni Bekes, og ferðuðust til Íslands á SÚM-sýninguna og á einkasýningu í Amsterdam.



MYND 20: Endre Tót: *Regnvotar spurningar (Rainy questions), svarað af Daniel Spoerri, 1978*
 Birt með leyfi acb Gallery, Búdapest

MYND 21: Boðskort á póstlistasýninguna *Regnvotar spurningar (Rainy questions)* eftir Endre Tót í Gallerí Suðurgötu 7, 1978
 Úr skjalasafni Nýlistasafnsins



xxx

Ég vil sérstaklega þakka Kristínu Scheving, safnstjóra Listasafns Árnesinga, og Hlyni Helgasyni, dósent við Háskóla Íslands, fyrir að styðja við rannsókn mína allt frá upphafi. Án þeirra hefði þessi sýning og sýningarskrá aldrei orðið að veruleika.

[Frá Sigurði Guðmundssyni til Géza Perneckzy]
Amsterdam, 22-3-72

■ ■ Kæri Géza,

Ég fékk kortið frá þér fyrir nokkrum dögum en hafði ekki möguleika til að svara fyrir en núna. Konan mín var að eignast barn – dásamlega dóttur og öll athygli mín hefur verið á fjölskyldunni síðan. Um Súper 8 myndirnar. Það gleður okkur mjög að fá myndir af því að það verða margar myndir á sýningunni. Þannig að, eins og þú líklega veist, við getum ekki tekið neinn þátt í kostnaðinum. Í þínu tilfalli „fjölfölduninni“, vegna þess að við verðum að nota alla peningana í sýningarskrána, sem verður mjög dýr.

Þú veist hvert á að senda blöðin fyrir sýningarskrána: S. Gudmundsson - 2E Helmesst. 35, Amsterdam, og verkin á sýninuna til: Gallerí SÚM - Vatnssstíg 3B, Reykjavík - Ísland. Með kærri kveðju Sigurður P.S. Ekki gleyma að senda mér æviágripið eins og þú vilt að það birtist í sýningarskránni.

[Frá Sigurði Guðmundssyni til Géza Perneckzy]
Amsterdam, 3-10-73


Kæri Géza,

Þú getur skrifað boðskortið á þýsku ef þér finnst það betra. Opnunin verður klukkan eitt þann 22. október. Það er mánudagur og það væri mjög gott ef þú gætir verið viðstaddur. [...] Þú ættir að skrifa í boðskortið að sýningin standi í tvær vikur. [...] Við sendum kortin út og þegar þú kemur til Amsterdam geturðu borgað okkur frímerkin.

Ég vonast til að sjá þig mánudaginn 22. október.

Með bestu kveðju, **Sigurður**

BRÉF OG ENDURMINNINGAR
 GÉZA PERNECKZY
 IN-OUT CENTER, AMSTERDAM



Boðskort einkasýningar
 Géza Perneckzy, 1973

Birt með leyfi In-Out Center
 Archives, Amsterdam og
 Géza Perneckzy

Sýningin eftir Géza Perneckzy
 með seríu *Yes-No Strategy*,
 1973

Birt með leyfi In-Out Center
 Archives, Amsterdam og
 Géza Perneckzy.

[Frá Géza Pernecky til foreldra hans] 5-11-73

Elskulegu foreldrar,

[...]

“


Amsterdam er líflegri borg en London og menningarlífið stenst London fyllilega samanburð þar sem borgin hefur síðustu tuttugu og fimm árin verið í Efnahagsbandalagi Evrópu, orðið nýttiskulegri en haldið sjarmanum. Því var enn undarlegra að sjá í gær í sjónvarpinu myndir frá auðum götum Amsterdam á sunnudegi vegna eldsneytisskorts. Engir bílar á ferli, aðeins hjólréiðamenn.

Sýningaropnunin mín - það eru liðnar tvær vikur! - var mjög notaleg, gallerið er lítið, með hvíta vegg og dyrnar svo þunnar að þær hverfa ef maður lokar þeim. Fullkomið fyrir myndirnar mínar, sem ég hengdi upp með reglulegu millibili. Fyrir framan húsið er alvöru hollenskt síki, með bátum, og gatan er mjög átjándu-aldar-leg. Eina fólkið á opnuninni voru unga listafólkið sem rekur gallerið og stúlka frá Ungverjalandi sem vildi svo til að ég vissi símanúmerið hjá og hafði hringt í um morguninn til að bjóða. Boðskort voru send út en á þau vantaði dagsetningu vegna þess að skipuleggjendurnir gleymdu að segja mér hvenær hún ætti að vera. Fyrir utan fagfólkið, sem kemur ekki þótt það hafi sagst ætla að koma, eru ekki margir gestir. Þótt þetta sé fimmtánda sýningin þeirra hafa þau ekkert selt fram að þessu.

Það er víst líka ekki markmiðið. Allir níu listamennirnir sem reka gallerið fikta við konseptlist og vildu hafa stað til að sýna list sína, ekki selja hana. Þetta eru góðir listamenn, ég hef séð verkin þeirra og á þessari látlausu opnun (sem fólst aðallega í því að ég kom með snafsaflošku sem gestir mínir frá Pécs höfðu skilið eftir og lét hana ganga hringinn eftir myndunum á veggnum - nokkurs konar réttisælis snúningur) [.] og á meðan þetta var í gangi kom einhver inn, móður og mäsandi, og sagðist nýkominn frá París þar sem einn þeirra (Sigurður Guðmundsson) hefði hlotið fyrstu verðlaun á tvíæringnum. Þessar fréttir höfðu mikil áhrif og snafsinn kláraðist eins og skot. Á eftir fór ég á kaffihús með ungversku stúlkunni sem ég minntist á, hún kennir dans í listaskóla í Amsterdam,* og þar sem hún hafði líka sopið drjúgum á snafsafloðskunni og var orðin málglöð áttum við gott spjall.

* Unga konan var ballettdansmaerin Krisztina de Châtel, fædd í Ungverjalandi en átti hollenska foreldra og flutti síðar til Amsterdam. Þarna vonaðist hún til að koma sér á framfæri í einhverjum af tónlistar- eða dansstofnunum borgarinnar. Litlu síðar var hún ráðin sem sólódansari og síðan danshöfundur hjá Dansgroep Amsterdam og varð áberandi í framúrstefnulega, hollenska nútímadansgeiranum.

GÉZA PERNECKY
BRÉF OG ENDURMINNINGAR
IN-OUT CENTER, AMSTERDAM





Fyrir framan **In-Out Center** í Amsterdam á sýningu Géza Perneckzy
[Hetty Huisman, Ineke Guðmundsson og Katrín, Sigurður Guðmundsson,
Sólveig Magnúsdóttir, Kristján Guðmundsson], 1973

Birt með leyfi In-Out Center Archives, Amsterdam og Géza Perneckzy

Sigurður Guðmundsson:
Hommage à Grieg, 1971
 Mynd úr skjalasafni
 Nýlistasafnsins



/// Kæru hlustendur, hér er frásögn frá Pernecky-sýningunni í Amsterdam.

Eins og fólkíð hjá In-Out-Center sagði okkur er sýning Perneckys sú fimmtánda í þessu hlýlega galleríi. Ég var vinsamlegast beðinn að verðleggja ekki verkin þar sem þau seldu eitt einasta verk á hinum sýningunum fjórtán og það væri skrítið ef einhver ákvæði að kaupa eitthvað núna. Þau sögðu líka að þau fengju enga gesti, eða vissu að minnsta kosti ekki af neinum slíkum – kannski laumuðust þeir inn á nóttunni, kveiktu ljósin, skoðuðu sýninguna og létu sig svo hverfa. Ég átti ekki heldur að búast við blaðamönnum, það er hvort sem er of mikil auglýsingamennska. Hins vegar mátti ég búast við þeim, listamönnum og samverkamönnum gallerísins, þegar ég væri búinn að hengja upp myndirnar. Einn af eldri meðlimunum, Ulises Carrión, sem kom til Hollands frá Mexíkó, myndi hjálpa mér.

Þetta var allt sagt með þeim þreytulega, norræna raddblæ sem er sameiginlegur öllum íslenskum menntamönnum í Hollandi, en meðal listaverka þeirra er til dæmis verkið þar sem plötuspilari á stól á heiði spilar Söng Sólveigar eftir Grieg á meðan örvum er skotið upp í þungbúinn, skandinavíska himin til að heiðra minningu tónskáldsins. Einn þeirra tekur ljósmyndir með tveggja orða titlum á borð við „gangstétt, vegur“ eða „borð, stóll.“ Þetta eru einfaldar myndir af hlutunum tveimur með raunverulegri, þrívíðri kommu, sennilega gerðri úr plasti, á milli þeirra, eins og borðið og stóllinn séu hlutar af röð, aðskildir með málfræðilega réttri kommu [sjá: endurinnleiðingu málvísindalegra tákngjafa í raunveruleikann, eða þriðja gerð táknerfis, þetta snýst um hið tiltölulega óhútbundna venslafyrirbæri og sjónræna greiningu þess].

Opnunin var á mánudegi klukkan tvö. Ertendir listamenn, tengdir galleríinu mættu með hollenskum eiginkonum sínum og börnum af óræðu þjóðerni, og svo eini „raunverulegi“ gesturinn, ung kona sem ég bauð og kennir nútímadans í Amsterdam. Hún skildi símanúmerið sitt eftir í póstkassanum mínum í Köln á síðasta ári, þegar ég var í Frakklandi. Þau sem höfðu fengið boðskort gátu ekki komið þar sem engin dagsetning var

á boðskortunum og mánudagur var nefndur sem eini dagurinn sem galleríið væri lokað.

Ég var nýbúinn að opna sýninguna (sem fólst í því að ég festi upp síðustu merkinguna og sagði: „ooog, tilbúið – ég er búinn“), þegar afar ljóshærður og skeggjaður, drungalegur Skandínavi birtist og sagði þurrlega að einn af kollegum þeirra hefði unnið til virtra verðlauna á Parísartvíæringnum og selt skipuleggjendum hátíðarinnar verk sín, og á fínasta verði í ofanálag, og hann hlaut að vita þetta, nýkominn frá París. Við þessar fréttir urðu allir glaðir, sem lýsti sér í því að þeir klöppuðu hver öðrum á bakið og réttu þegjandi áfram ungverska palinkað sem ég hafði komið með í tilefni opunarinnar [gjöf frá hugulsömum gestum].

Ferðalangur sem hét Sigurður Guðmundsson, með hár sem flóði niður á herðar eins og brúnar, langar tenórótur, sagði við mig með sorgþrunginni röddu að þeir, Íslendingarnir, væru villimenn, dónalegt fólk, og hann væri hræddur um að þeir myndu verða svo ókurteisir að drekka allt palinkað mitt. Ég greip flöskuna [var ekki búinn að smakka á því] og rétti hana strax frá mér, það var alltof sterkt. Ungverska stúlkan sem kennir nútímadans og á þýskan eiginmann (sem er algjört bull vegna þess að það, eins og við vitum, bendir oft til hagkvæmnishjónabands, hún er jú eftir allt saman barn hollenskra foreldra sem búa í Ungverjalandi, í stuttu máli sagt er þetta flókið mál), hún stóð sig vel í að drekka þetta, sem aftur varð til þess að eftir opnunina fórum við tvö á krá, pöntuðum okkur sérrí og kipptum heimsmálunum í lag.

UM GALERIE LÓA

■ Viðtal við Rúrí

Hvenær fórstu til Haarlem og í hvaða tilgangi? Ég fór til Hollands í framhaldsnám í myndlist við De Vrije Academie Psychopolis í Haag haustið 1976, en leigði ásamt nokkrum ungum listamönnum hús í Haarlem.

Hvernig kynntistu Kees Visser og hvaðan kom hugmyndin um að opna listagallerí?

Ólafur Lárusson hafði stundað nám í Haarlem og kynntist þar Kees Visser, og þeir leigðu saman íbúðarhús þar, sem síðan varð til þess að Kees heimsótti Ólaf til Íslands, og þá hittu ég hann fyrst.

Þegar í ljós kom að við vorum nokkur á leið til náms í Hollandi, en Ólafur flutti heim með fjölskyldu sína, varð það úr að við leigðum hans hluta hússins. Þetta var mjög gott fyrirkomulag og tókst góð vinátta með okkur. Skömmu eftir að ég kom til Haarlem stakk Kees upp á því að stofna gallerí. Mér leist strax vel á hugmyndina, og úr varð að Kees, Helgi Þorgils og ég stofnuðum Galerie Lóa í litlu gömlu húsi í Lange Raamstraat. Húsið var um 300 ára gamalt og hófumst við þegar handa að gera við það sem þurfti, og setja þetta þínulitla hús í stand sem gallerí. Seinna um veturinn flutti Rúna Þorkels til Haarlem og slóst í galleríhópinn.

Var Haarlem mikil listaborg? Var fólk opið fyrir nýrri tegund listar?

Haarlem er lítil borg skammt frá Amsterdam. Það er þekkt munstur að í gömlum menningarborgum dafnar listalíf, og má

segja að þangað sogist hæfileikafólk á sviði lista. Amsterdam á sér langa sögu sem menningarborg, og á þessum tíma var hún nokkurs konar miðstöð norðanverðrar Evrópu hvað tilraunamyndlist varðar og þangað sóttu listamenn alls staðar að úr heiminum til að dvelja og sýna. Litlu borgirnar umhverfis þær stóru hafa svo tilhneigingu til að vera síður aktífar á þessu sviði því að það er svo stutt að sækja hámenninguna (eins og oft var sagt) til stóru borgarinnar.

Haarlem var afskaplega þægileg og afslöppuð borg að búa í, og þar eru söfn með góða klassíska myndlist, en það fór ekki mikið fyrir tilraunamyndlist þar.

Það var alltaf góð aðsókn á opnanir í Galerie Lóa, og mikilvægir aðilar í Amsterdam-senunni komu að skoða. Eins var nokkur hópur heimamanna sem kom reglulega, en einhverjum nágrönnum þótti þetta e.t.v. skrytið fyrirbæri, eins og gengur.

Hvernig ákváðuð þið sýningardagskrána, hvað settuð þið á oddinn? (Ég meina, lögðuð þið áherslu á tiltekna stefnur eins og konseptlist eða flúxus eða völduð frekar „góða list“ og góða listamenn)

Stefna okkar var að sýna góða og áhugaverða list, samtímalist sem ekki var boðið upp á í galleríum Haarlem, og jafnvel ekki í Amsterdam. Valið var hvorki bundið við nærumhverfi okkar, né við þjóðerni listamanna. Þannig sýndum við listamenn sem komu víða að úr heiminum, en einnig frá Hollandi. Konseptlist og flúxus nutu mikillar hylli á þessum tíma svo eðlilega komu þó nokkrar sýningar með slíka list. Við sýndum líka verk listamanna frá Aust-

ur-Evrópu, en þeir gátu ekki ferðast út fyrir landamæri heimalanda sinna. Þeir þurftu því að senda verk sín með pósti og við sáum um að setja upp verkin og sýningarnar.



Var Ulises Carrión lykilmaður listasennunar á þessum tíma?

Það er óhætt að segja að á því sviði myndlistar sem við sýndum í galleríinu hafi okkur verið mjög mikilvægt að hafa aðgang að tímaritum og bókum sem voru gefin út af listamönnum. Other Books and So, sem Ulises Carrión og Aart van Barneveld ráku var eini staðurinn sem hafði á boðstólum slík rit, og komu þau víða að úr heiminum. Þetta var mikilvægur upplýsingabrunnur um tilraunalist og -listamenn sem við hefðum hugsanlega aldrei haft fréttir af annars.

Þú áttir stóran þátt í uppsetningunni á sýningu Gábors Attalai. Hvernig gekk það?

Það var samvinnuverkefni okkar sem rákum Galerie Lóa að setja upp sýningar, og ég tók að sjálfsgöðu fullan þátt í þeirri vinnu. Aftur á móti var það Kees sem sá um að tala við nágrannana ef þurfti að fá samþykki þeirra fyrir einhverju varðandi listaverk sýnenda, því að hann talaði tungumálið og þekkti suma nágrannana frá þeim tíma þegar hann hafði sjálfur búið í húsinu í Lange Raamstraat. Nágrannarnir tóku hugmyndum Gábor Attalai yfirleitt vel, og okkur tókst að uppfylla langflestar óskir hans um verk í utanhússumhverfi gallerísins.

Boð um að setja upp sýningu í Galerie Lóa og svar Gábor Attalai frá 1. nóvember 1976
 Úr skjalasafni Nýlistasafnsins



Gábor Attalai: *Red-y made series* (Rúri fyrir framan Galerie Lóa), 1977
 Úr safneign Nýlistasafnsins

Gábor Attalai: *Red-y made örvar* uppsett á götum Haarlem, 1977
 Úr skjalasafni Nýlistasafnsins



Boðskort einkasýningar Gábors Attalai í Galerie Lóa, 1977
 Úr skjalasafni Nýlistasafnsins.

Var algengt að setja upp sýningu sem var aðeins byggð á leiðbeiningum sem bárust í pósti frá listamanninum?

Við höfðum það fyrir reglu að gera það sem í okkar valdi stæði til að aðstoða listamennina, en ég man ekki eftir annarri sýningu sem var að svona miklu leyti útfærð af okkur fyrir listamann sem við buðum að sýna.

Varstu hrifin af sýningunni?

Já, það var virkilega gaman að sýna þessi góðu verk sem Attalai sendi í pósti, og eins var skemmtilegt að sprengja ramma gallerísins með „Innsetningunum“ utanhúss.

Héltu sambandi við listamanninn? Geturðu sagt mér frá gjörningnum sem þú gerðir á meðan sýningin í Galleríi Suðurgötu 7 stóð yfir 1978?

Þegar sýning Gábor Attalai var tilbúin ljósmynduðum við hana, bæði verkin inni í galleríinu, og eins innsetningarnar utan dyra og sjálfa opnunina. Þess utan höfðum

við ljósmyndað vinnuna við að útfæra útverk hans. Við sendum honum þessar myndir, þannig að hann gæti séð hvernig hefði tekist til, og honum til gamans.

Það vildi þannig til að þegar við vorum að mála verkin hans á stólpa og gangstéttarbrún í rauðum lit hafði ég stungið litlum pensli í hárið til að halda því í hnút í hnakkanum, og skaft pensilsins var í sama rauða lit og Gábor notaði. Þetta var ein af þessum litlu, merkingarlausu tilviljunum sem gerast í lífinu. En Gábor tók eftir þessu smáatriði á einni af ljósmyndunum sem við sendum.

Það er svo þegar ákveðið var að setja upp sýningu með verkum hans í Galleríi Suðurgötu 7 að hann óskaði eftir að fá ljósmynd af andliti mínu í nokkrum eintökum. Ég útbjóg myndirnar og sendi honum í pósti. Hann sendi þær síðan til baka í galleríið og hafði þá málað skarpar hárrauðar línur, ámóta breiðar og skaft pensilsins, inn á andlitið. Þetta voru að mig minnir sjö myndir, hver með mismunandi línu-teikningu, ein fyrir hvern dag einnar viku.

Gjörningurinn var í því fölginn að á hverjum degi vikunnar málaði ég hárrauða línu sem leit eins út ef horft var beint framan í mig og línan á myndinni fyrir þann dag. Ég varð því eins og lífandi listaverk, fór að jafnaði upp á Mokka um hádegisbil og fékk mér kaffibolla og ræddi við fólk, en sinni síðan erindum mínum eins og ekkert væri sjálfsgaðara það sem eftir lifði dags. Einn daginn átti ég eitthvert erindi til Selfoss, og flutti því gjörninginn þar líka. Ljósmyndirnar af andliti mínu með rauðum línunum voru hluti af sýningunni í galleríinu.

Ég missti samband við Gábor Attalai eftir þetta, hugsanlega vegna þess að það var talsvert rót á mér um þetta leyti og mikið að gera, fluttist utan um tíma, vann að stofnun myndlistarsamtaka og svo framvegis. Seinna þegar ég kom til Búdapest til að sýna þar spurðist ég fyrir um hann en þá var hann ekki heilsuhraustur, svo það varð aldrei af því að við hittumst.

Gábor Attalai: *Red-y made series* (Rúri) I-VII, 1978
 Úr safneign Nýlistasafnsins.



VIÐTAL VIÐ KEES VISSER.

Litla húsið í Haarlem var í eigu fjölskyldu þinnar. Hvernig varð það að listagallerí, hvaðan kom hugmyndin að því?

Ég eignaðist húsið 1970, gerði það upp og bjó í því. Það var fyrsta vinnustofan mín.

Seinna flutti ég og bjó með Ólafi Lárussyni. Það var þá, snemma árs 1976, sem Ólafur stakk upp á því að við breyttum litla húsinu í gallerí, sem við gerðum á mánuðunum þar á eftir. Eitt kvöldið heima hjá Kristjáni Guðmundssyni vorum við að ræða nafn á galleríið og þá sagði Kristján: „Af hverju kallið þið það ekki Galerie Lóa?“

Var Haarlem mikil listaborg?

Var fólk opið fyrir nýrri tegund listar?

Listasenan í Haarlem var lítil en þar var samt Ateliers 69, sem var sjálfstæður listaskóli. Amsterdam var miðpunktur listalífsins. Ári áður hafði Wies Smals opnað „de Appel“ í Amsterdam. Ulises Carrión rak 'Other Books and So'. Harry Ruhé var búinn að opna Galerie

A. Þessir þrír staðir voru grundvöllurinn fyrir að góð tengsl mynduðust og fólk kom á opnanirnar í Haarlem. Við deildum líka listafólki. Í Amsterdam var kraftmikil stemning og mörg góð gallerí. Stedelijck-safnið bauð líka upp á gjörninga í dagskrá sinni.

Hvernig kynntist þú íslenskri list og listafólki?

1975 hélt Douwe Jan Bakker sýningu á „framburðarhæfu“ skúlptúrunum sínum í De Vleeshal í Haarlem. Þetta var samsýning sem Siggí og Kristján Guðmundssynir og Hreinn Friðfinnsson tóku þátt í. Ég heimsótti Douwe til að ræða verk hans og sýninguna almennt. Íslensku listamennirnir komu mér á óvart, verk þeirra voru allt öðruvísi en listafólks á meginlandinu. Douwe sýndi mér myndir frá Íslandi, ég varð svo hrifinn að ég fór þangað strax sumarið eftir. Hann kynnti mig líka fyrir Ólafi Lárussyni og ég fór með Óla að heimsækja Íslendingana í Amsterdam. Þeir komu á opnanir þegar við opnuðum galleríið svo að það var mikill samgangur á milli Haarlem og Amsterdam. Ég kynntist líka Rúnu á svipuðum tíma, hún varð kærastan mín og

aðstoðaði í galleríinu. Þegar galleríið opnaði slógust Rúri, Helgi Friðjónsson og Kristinn Harðarson, sem komu til náms í Hollandi, í hópinn.

Hvernig ákváðuð þið sýningardagskrána, hvað settuð þið á oddinn? (Ég meina, lögðuð þið áherslu á tiltekna stefnur eins og konseptlist eða flúxus eða völduð frekar „góða list“ og góða listamenn)

Við máluðum og settum upp kastljós. Svöldum við listafólk saman. Við höfðum áhuga á gjörningum, konseptlist og flúxus. Listafólkið var valið eftir þessum þremur stefnum, mjög áhugaverð blanda af aðallega ungu fólki, á aldur við okkur. Við fórum oft í Other Books and So og uppgötvuðum listafólk þar í sérstökum tímaritum sem oft voru gefin út af þeim sjálfum. Við blönduðum geði við listafólk í Amsterdam og kynntumst fólki í gegnum Íslendingana. Þetta var mjög lífandi og spennandi tími.

Þannig kynntumst við Pieter Laurens Mol, sem sýndi fyrstur í galleríinu. Pieter var búinn að skapa sér nafn þótt hann byggði í Breda. Við



Gábor Attalai: *Red-y made*
(Galerie Lóa), 1977

Birt með leyfi Laszlo Vago

kynntumst vinum hans þar, Harry de Kroon og Sef Peeters, sem sýndu báðir síðar í galleríinu. Þeir héldu allir sýningar í De Appel.

Var Ulises Carrión lykilmaður listasenunnar á þessum tíma?

Staður Ulises var einn af þeim sem við heimsóttum mest í Amsterdam, en líka De Appel. Þar voru gjörningar á hverjum miðvikudegi og líka um helgar. Þessir tveir staðir voru ríkulegar uppsprettur. Við kynntumst Nikolaus Urban frá Ungverjalandi í De Appel og hann sýndi líka í Lóa.

Manstu eftir sýningu Gábors Attalai? Varstu hrifinn af henni?


Við uppgötvuðum verk Gábors í útgáfum í bókabúð Ulises og skrifuðum honum.

Þetta þróaðist allt í gegnum bréfaskriftir. Við sendum honum upplýsingar um rýmið. Hann bað um myndir af umhverfinu og bað okkur að rauðmála hluti á götunni fyrir utan. Við

skrifuðumst á fyrir og eftir sýninguna. Seinna, þegar ég bjó einn vetur á Íslandi, málaði ég ísjaka á Norðurá og sendi honum myndir af því. Ég held að við höfum öll verið mjög hrifin af Gábor, líka af bréfunum. Þetta var alvöru samskiptaverkefni.



Gábor Attalai: *Red-y made became yellow-y made, I-IV*, 1977
Birt með leyfi Vintage Galéria Búdapest



Gábor Attalai: *Red-y made series*, 1977
Birt með leyfi Kees Visser

Gábor Attalai: *Red-y made* [Galerie Lóa, Harlem], 1976
Ludwig Museum - Museum of Contemporary Art, Búdapest

MINNINGARBROT FRÁ GALLERÍ SUÐURGÖTU 7

Eggert Pétursson
og Ingólfur Arnarsson

Við vorum unglingar þegar SÚM galleríð var og hét. Það var eitthvað nýtt og heillandi við sýningarnar þar sem vakti undrun og áhuga okkar. Það voru ólíkir tímar á Íslandi þá, fátt um veitingastaði, kaffihús, sýningarsali eða tónleika. Landið var tiltölulega einangrað frá heimsmenningunni og þegar einhverjir molar bárust hingað var þeim tekið með þökkum. Það að komast út fyrir landsteinana var dýrmætt.

Árið 1976, þegar við gengum í hóp þeirra sem komu Gallerí Suðurgötu 7 á laggirnar, vorum við í Myndlista- og handiðaskól-
anum. Fyrsta árið fór í að koma húsinu í stand, en sýningahald byrjaði ári seinna. Fyrsta sýningin var samsýning, en heiðurs-
gestur sýningarinnar var Magnús Pálsson, kennari okkar í MHÍ og stofnandi Nýlistadeildarinnar þar. Hópurinn, sem stóð að galleríinu, samanstóð mestmegnis af nemendum og fyrrverandi nemendum í MHÍ og síðan nemendum úr Háskóla Íslands sem komu aðallega að tímaritinu *Svart á hvítu* sem Suðurgatan gaf út. Fleiri komu og fóru og lögðu eitthvað til. Þetta var nokkuð opinn félagsskapur fólks sem var menningarlega forvitið. Húsið var í eigu Hjaltsted ættarinnar, en þeir Friðrik Þór Friðriksson og Bjarni H. Þórarinsson voru af henni og því aðallega í forsvari fyrir hópnum. Þórleifur, bróðir Friðriks, var prentari og vann í prentsmiðjunni Odda og það var mikilvægt í sambandi við prentun tímaritsins og boðskorta. Fyrstu sýningarnar voru af ýmsum toga. Helgi Þorgils hafði milligöngu um einhverjar sýningar fyrsta sumarið sem galleríð starfaði en hann var einnig tengdur Galerie Lóa í Haarlem. Á þeim tíma sem galleríð starfaði stóð

það fyrir fjölbreyttri menningarmiðlun sem fjöldi fólks kom að. Það kom í okkar hlut að annast sýningarstjórnun um tíma.

Snemma árs 1978 kom Robert Filliou til Íslands til að kenna í Nýlistadeildinni í MHÍ. Eitt af því sem við í Nýlistadeildinni gerðum með honum var að setja upp útgáfu af verki hans *Poi-Poi Drome* í Suðurgötunni. Filliou lét okkur Ingólf fá fjöldann allan af heimilisföngum listamanna sem hann taldi líklega til að vilja sýna í Suðurgötunni. Við skrifuðum bréf og sendum til allra á listanum, viðbrögðin voru góð og margar sýningar komu út úr þessu. Við vorum komin í tengslanetið. Verk Filliou, *The Eternal Network*, er hugmynd um eins konar tengslanet listamanna alls staðar að úr heiminum. Á þessum árum var Mail Art fyrirbærið mjög vinsælt. Það þurfti ekki að senda dýrmæt verk, það var líka hægt að senda uppskriftir að verkum og framkvæma fyrir listamanninn eða listamaðurinn gat komið sjálfur og unnið verkin á staðnum.

Þeir Gábor Attalai og Endre Tót voru meðal þeirra sem svöruðu bréfi okkar. Verk Attalai höfðum við séð í Gallerí SÚM og hann hafði sýnt í Galerie Lóa í Haarlem. Tót var áberandi í listtímaritum og sýndi mikið, var þekktur fyrir *I am Glad..* verkin. Það að geta sent sýningar á ódýran hátt með pósti og sett upp verk eftir fyrirmælum listamanna var dýrmætt austantjaldslistamönnum eins og Attalai og Tót sem ekki fengu leyfi til að ferðast frá heimalandi sínu.



Boðskort einkasýningar Gábors Attalai í Gallerí Suðurgötu 7, 1978
Úr skjalasafni Nýlistasafnsins


Attalai fékkst á þessum tíma við röð verka sem hann kallaði *Red-y mades*, þar sem hann málaði hluti og myndir rauðar og stimplaði svo á með tilheyrandi stimplum. Hann bað okkur að taka myndir í galleríinu og í götunni og síðan af landslagi í nágrenni Reykjavíkur sem við gerðum og sendum honum til Ungverjalands. Við létum líka gera stimpla sem við sendum til hans. Hann sendi okkur síðan verk sem hann hafði málað og stimplað á og ljósmyndirnar úr galleríinu sem hann hafði málað inn á hvernig ætti að rauðmála veggi og vegghluta í galleríinu, svo og hurðarkarma, tröppur og þess háttar. Einnig voru tillögur um að mála á hús í nágrenninu, en við gátum því miður ekki fengið leyfi til að gera. Svo voru steinar í landslagi sem við áttum að rauðmála meðan á sýningunni stóð. Hannes Lárusson bauðst til að fara með okkur í sunnudagsbíltúr Þingvallahringinn þar sem steinarnir voru staðsettir. Við lögðum af stað með málningarúllur, fötur af rauðri málningu og myndavél. Það gekk ágætlega með fyrstu þrjá staðina, en þegar við komum að síðasta staðnum sem var undir Ingólfsfjalli féllust okkur hendur. Steinninn sem Attalai hafði málað á ljósmyndinni var risastórt bjarg. Málningin hefði aldrei dugað og við hefðum þurft stiga. Við áttuðum okkur á því að við vorum að framkvæma umhverfisspjöll, þannig væri lítið á þetta í dag. Þarna lærðum við að það er rangt að vinna verk í sjálfri náttúrunni, hún á að vera ósnortin. Sem betur fer var málningin vatnsmálning sem fljótlega hvarf. Það rigndi líka á okkur þennan dag.

Gábor Attalai: *Red-y made series and Red-y made series/569, Project for Painted Rocks, 1978*

Listasafn Ungverjalands, Búdapest



“ Á þessum árum var Mail Art fyrirbærið mjög vinsælt. Það þurfti ekki að senda dýrmæt verk, það var líka hægt að senda uppskriftir að verkum og framkvæma fyrir listamanninn eða listamaðurinn gat komið sjálfur og unnið verkin á staðnum.”



2 May 1978

Dear Eggert and Ingólfurt,

many thank for your nice letter. I was really glad about the "strange" Þarkjvík advertisement. Yesss, my project for your summer programme:rain. Here I send you 1 questionnaire and if you have any possibility, so please print it in ca. 250 copies. Then send them out all over the world.

/Dear, you type the name in/ plus distribute them between the visitors in the gallery too, OK? I think you'll get enough answers to make a show from it. - Later you could make a publication / a small booklet/ from some selected answers. If this would be too expensive for you, I could find a publisher for it.

I choose this project cause I find it quite flexible and very new /1978/ and and If you think, so I could send from my earlier rain-pieces, e.g. WABBY would I type rain on Þarkjvík picture postcards. You'd send me ca. one dozen /with a large sky on it/

Or you could realize again the AUDIO-VISUAL RAIN /see enclosed/.... You'll see...

I type rains since 1971 and WORK with zero also since '71. And I AM CHAD IN since '71. Fucking activity.

So I'd be really glad if you could realize my questionnaire project.

Thank for Tóta for the answers and the many kisses and thank for your supermarket zero_poom too.

I wanted to ask HANA for a similar zero stuff, but they didn't give me any and it would be also impossible HANA to be glad like THANA in your newspaper....

You know how it is HANA, so I write you cause you are THERE and I'm HANA :....

Best of rains

Endre Tóta



SOME RAINY QUESTIONS FOR YOU

1. What is rain? What on earth is rain?

2. If rain is a nothing and becomes nothing? — A nice question, isn't it?

3. What is it if it is not a natural rain and not an-natural rain mine?

4. When rain falls then rain falls, and when rain does not fall then of course rain is not fall. But it's not - síðan, n'est-ce pas?

5. Finally here is a TOTALLY soaking question:

signature

Dear
You know there is no rain without rain. But there is no
questionary without answers either. So please answer
these and I am waiting for them in my rain.
Best rains,

Endre Tót/
c/o Gallerí Suðurgata 7
Suðurgötu 7
101 Reykjavík
Iceland

Uppsetning sýningarinnar: *Regnvotar spurningar (Rainy questions)* eftir Endre Tót í Gallerí Suðurgötu 7, 1978



Við vissum svo sem að Attalai væri stórtækur í verkefnum sínum. Það höfðum við heyrt frá þeim í Galerie Lóa. Sýningin var dýr, en við höfðum mikinn metnað að gera vel og afraksturinn var gríðarlega falleg sýning. Attalai áttaði sig líklegast aldrei á því að við vorum skítblankir listnemar og stór hluti styrksins sem galleríið hafði fengið frá Reykjavíkurborg fór í sýninguna. Við vorum áfram í einhverjum bréfaskrifum við hann um tíma eftir að sýningunni lauk. Við munum eftir að hafa útvegað honum jassplötur því hann gat ekki keypt þær í heimalandinu. Einhverjir vina okkar heimsóttu hann svo í Búdapest.

Sýning Endre Tót var gjörólík. Hún var seint um haustið 1978. Hann var þá kominn til Berlínar, vestur fyrir járntjald en átti ekki kost á því að komast aftur til heimalandsins. Sýningin var Mail Art sýning, spurningalistar um regn sem margir höfðu fyllt út og sent til gallerísins. Síðan var kassettutæki sem spilaði hljóð þar sem var verið að vélrita skástrík eða rigningu Tóts, og hljómaði líkt og regn. Við höfðum eitthvað verið að fíflast í honum í bréfaskriftum, þjuggum til ásamt Steingrími Eyfjörð, hana Tótu. Þetta voru einhverjir kenderisbrandarar, við tókum okkur ekki mjög alvarlega. Sýningin var síðasta sýningin sem við sáum um fyrir galleríið að sinni og við hættum í Suðurgötunni. Það var komið nóg af að framkvæma og sýna list annarra og okkur langaði að sinna okkar eigin verkum. Svo vorum við ekki búnir að klára okkar listnám. Það var ekki bara sýningahald sem var á dagskrá Suðurgötunnar, þar var staðið fyrir spunatónleikum og hið metnaðarfulla tímarið *Svart á hvítu* gefið út. Attalai og Tót lögðu til síður með verkum sínum í það. Starfið í Suðurgötunni var eins og hjá svo mörgum á Íslandi á þessum tíma, leið til að brjótast út úr einangrun. Það tókst býsna vel og var mikilvægt framlag til að færa heiminn nær okkur. Einangrun listamanna frá Ungverjalandi var af allt öðrum toga, þeim var bannað að ferðast og því sjálfsgagt að virkja þær leiðir sem buðust til að þurrka út landamæri og aðstoða þá við listsköpun sína.




Póstkort frá Vestur Berlín frá Endre Tót til Eggerts Péturssonar, 1978
Úr skjalasafni Nýlistasafnsins



Sýningin *Red-y and Post red-y makes* eftir Gábor Attalai í Gallerí Suðurgötu 7, 1978

Úr skjalasafni Nýlistasafnsins.

“ Starfið í Suðurgötunni var eins og hjá svo mörgum á Íslandi á þessum tíma, leið til að brjótast út úr einangrun. ”



Bréfaskrif milli Eggerts Péturssonar, Ingólfs Arnarssonar og Endres Tót, 1978

Central European Research Institute for Art History (KEMKI)
- Listasafn Ungverjalands, Búdapest

VERK Á SÝNINGUNNI LIST OF EXHIBITED WORKS

Ingólfur Arnarsson
(1956, Reykjavík)

Untitled 6, 2018
pencil on paper
paper: 27 x 22 cm, framed: 37.5 x 32.5 cm
Courtesy of the artist and i8 Gallery, Reykjavík

Untitled 11, 2018
pencil on paper
paper: 27 x 22 cm, framed: 37.5 x 32.5 cm
Courtesy of the artist and i8 Gallery, Reykjavík

Gábor Attalai
(1934, Budapest - 2011, Budapest)

Transfer of Japan, 1971
Collage; 500 x 500 mm
Vintage Galéria Budapest

Untitled, 1973
Body print and photo on pink silk paper;
675 x 565 mm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 8/8)

RED-Y MADE I-III, 1976
C-print on paper; 325 x 335 mm
Vintage Galéria Budapest

RED-Y MADE No 447, 475, 489, 1976
Enamel paint, silver print on paper;
325 x 335 mm
Vintage Galéria Budapest

RED-Y MADE No 320, 1976-1977
enamel paint, silver print on paper;
325 x 335 mm
Courtesy of Laszlo Vago

RED-Y MADE No 474, 1976
enamel paint, silver print on paper;
325 x 335 mm
Private collection, Budapest

RED-Y MADE I-IX (Galerie Lóa, Harlem),
1976/2022
luster RC print (exhibition copy);
292 x 300 mm
Ludwig Museum - Museum of Contemporary
Art, Budapest

RED-Y MADE 525 I-V, ca 1977
enamel paint on paper; 420 x 300 mm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 1/8)

**RED-Y MADE CAN BECOME YELLOW-Y MADE
I-IX**, ca 1977
enamel paint on paper; 315 x 340 mm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 7/8)

**RED-Y MADE CAN BECOME YELLOW-Y MADE
I-III (man w glasses)**, ca 1977
enamel paint, silver print on paper; 70 x 100 cm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 8/8)

RED-Y MADE (object by rúri and gabor), 1978
C-print on paper, 307 x 300 cm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 7/8)

RED-Y MADE (portraits of Rúri) I-VII, 1978
C-print on paper; 240 x 180 cm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 1/8)

RED-Y MADE I-X, 1978
Watercolour, ink on paper; 295 x 225 mm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 1/8)

RED-Y MADE (stamps in two pieces), 1978
rubber on wood, 12 x 3 and 7,5 x 3 cm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-690
(möppu 2/8)

**RED-Y MADE No 485-486 (Suðurgata /
Project for red-y made 'fresh window')**,
1978
enamel paint, silver print on paper;
325 x 335 mm
Vintage Galéria Budapest

**RED-Y MADE BECAME BLACK-Y MADE No 500-
501**, 1978
C-print on paper; 325 x 335 mm
Vintage Galéria Budapest

RED-Y MADE No 481, 1978
enamel paint, silver print on paper;
325 x 335 mm
Private collection, Paris

RED-Y MADE BECAME WHITE-Y MADE I-II,
1978
C-print on paper; 325 x 335 mm
Vintage Galéria Budapest

RED-Y MADE I-IV, 1978
C-print on paper; 325 x 335 mm
Vintage Galéria Budapest

RED-Y MADE book, 1978
artist' book, A3
National Gallery of Iceland, Inv. Nr.: 4135

Kristján Guðmundsson
(1941, Snæfellsnes Peninsula)

A Piece for Soft and Hard Blowing, 1971
A: Blowing a soap bubble
B: Blowing a whistle
Courtesy of the artist and i8 Gallery, Reykjavík

Drawing, 1972
pencil on paper; 769 x 769 mm
Courtesy of the artist and i8 Gallery, Reykjavík

Grey and Grey Poem, 2005
Modulex letter board, paint, plexiglass;
17 x 200 cm
Courtesy of the artist and i8 Gallery

Red or Red Poem, 2005
Modulex letter board, paint, plexiglass;
17 x 200 cm
Courtesy of the artist and i8 Gallery, Reykjavík

Sigurður Guðmundsson
(1942, Reykjavík)

**Icelandic Carpenters and Deceased
Philosophers**, 2007
C-print on paper; 97.5 x 137.5 cm
Courtesy of the artist

Five Males and an Egg, 2007
C-print on paper; 144 x 136 cm
Courtesy of the artist

Géza Perneckzy
(1936, Keszthely, Hungary)
Art Bubble (1-2-3), 1972/2022
luster RC print (exhibition copy);
16.5 x 21.5 cm
Ludwig Museum - Museum of Contemporary
Art, Budapest

Navigation Exercises, Köln 1972
artist' book [ed. of the author]; 29.6 x 21 cm
Courtesy of Géza Perneckzy

Identification - program, 1971
artist' book; 21 x 29.5 cm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N 3375

Yes - No Strategy, 1972/2014
lambda print on paper; 26 x 20 cm / each
[series of 16]
Courtesy of Géza Perneckzy

Mirrors (Modulated Person), 1972/2007
lambda print on paper; 40 x 28,2 cm, ed. 6/6
[series of 8]
Courtesy of Géza Perneckzy

Stork, 2018
rubber stamps on paper; A4, ed. AP 4/5
Courtesy of Géza Perneckzy

Eggert Pétursson
(1956, Reykjavík)

Untitled, 2015
oil on canvas; 150 x 120 cm

Courtesy of Rannveig Eir Einarsdóttir / Hilmar Þór Kristinsson

Untitled I-II, 2015-2017
oil on canvas; 30 x 30 cm
Private collection

Rúri
(1951, Reykjavík)

Balance-VIII, 2016
green [hammerite] kitchen scale with four alarm clocks; 19 x 30 x 26 cm
Courtesy of the artist

Balance-XVI, 2016
Table scale with water bottles and plastic hand grenades; 32.5 x 52 x 23 cm
Courtesy of the artist

Balance-XII, 2016
Brass pharmacy scale with glass hour and globe; 50 x 60 x 18.5 cm
Courtesy of the artist

Endre Tót
(1937, Sümeg, Hungary)

Dirty Rains, Edition Sellem, 1977
artist's book, 21 x 14.5 cm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-3370

Gladness Writings (1973-1976),
Yellow Now 1977
artist's book; 29 x 20.5
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-3319

Rainy questions (questionnaires for Gallery Suðurgata 7), 1977
Paper; A4 (14 museum copies, 4 xerox)
Courtesy of acb Gallery, Budapest

½ Dozen Berliner Gladness Postcards (1973-1978), EDITION HERTA, Berlin, 1979
6 postcards; 15 x 11 cm
The Living Art Museum, Inv. Nr. N-1841

Ich freue mich, wenn ich auf Plakaten werben kann, 1979
Poster, 85 x 60 cm
Courtesy of acb Gallery, Budapest

Kees Visser
(1948, the Netherlands)

16 Shades of Blue [Y Series], 2016
Acrylic on Awagami (90 grs.);
54.5 x 39.3 cm / 16 pieces
Courtesy of the artist and BERG Contemporary

Sal 3 endurtökum við valdar sýningar sem urðu til á áttunda áratugnum í samvinnu íslenskra og ungverskra listamanna. Unversku listamennirnir gátu ekki verið viðstaddir sýningarnar vegna ástandsins austantjalds í pólitík með ferðatakörkunum og fjárhagslegra takmarkanna. Aðeins Géza Perneckzy gat komið á sýningu sína í Amsterdam vegna þess að hann bjó þá í Vestur-Þýskalandi.


Vegna ástandsins sendu listamennirnir listaverk og leiðbeiningar í pósti svo að hægt væri að framkvæma tilskipanirnar vestan megin við járnþjaldið. Þeir sendu listaverk og leiðbeiningar í pósti og þannig var hægt að framkvæma verkefnið með miklum vilja listamanna austan megin.

Þetta nær til ársins 1972 þegar að listamenn úr Austurblokkinni sendu verk á pappír á alþjóðlega sýningu SÚM á Listahátíð í Reykjavík. Skipuleggjendur sýningarinnar Hreinn Friðfinnsson, Jón Gunnar Árnason, Magnús Pálsson, Douwe Jan Bakker, Kristján og Sigurður Guðmundsson gáfu út sýningarskrá og eru öll verkin í stærð A4 varðveitt í skjalasafni Nýlistasafnsins í Reykjavík.

Árið 1973 var ungverska listamanninum og gagnrýnandanum Géza Perneckzy boðið í listamannarekna galleríið In-Out Center í Amsterdam, þar sem hann sýndi seríuna *Art Bubbles, Yes-No Strategy* og *Mirror Dance*. Í Hollandi árið 1977, buðu Kees Visser, Rúri og Helgi Þorgils Friðjónsson Ungverjanum Gábor Attalai að sýna í nýstofnuðu Galerie Lóa í Harlem. Gábor Attalai setti þá upp sýninguna *Red-y made*.

Eggert Pétursson og Ingólfur Arnarsson settu svo upp sýninguna í Gallerí Suðurgötu 7 árið 1978. Aðeins nokkrum mánuðum síðar sýndi Endre Tót sýninguna *Rainy questions (Regn-votar spurningar)*, einnig í Gallerí Suðurgötu 7.

Til að láta þessa sýningu verða að veruleika fengum við lánuð listaverk, ljósmyndir og skjöl frá Nýlistasafninu, Listasafni Íslands, Ludwig Museum Budapest, Vintage Galéria og abc Gallery Budapest sem og frá einkasöfnurum í Búdapest, París, Amsterdam og Reykjavík.



Géza Perneckzy: *Art Bubbles (2)*, 1972, Ludwig Museum - Museum of Contemporary Art, Búdapest

Géza Perneckzy: *Art Bubbles (2)*, 1972, Ludwig Museum - Museum of Contemporary Art, Budapest

In the historic section of the exhibition, we re-enact selected shows that were first realized as a cooperation between Icelandic and Hungarian artists in the 1970s. The Hungarian artists (with the exception of Géza Perneckzy, who already lived in West Germany and went to his Amsterdam show) could not be present at their exhibitions due to travel restrictions, political and financial issues. Consequently, they sent artworks and instructions via post, and the projects were realized with major efforts by artists on the other side of the Iron Curtain.


The first traces of these shows go back to 1972, when artists from the Eastern Bloc sent works on paper to the international exhibition of SÚM at the Reykjavík Art Festival. The organizers (Hreinn Friðfinnsson, Jón Gunnar Árnason, Magnús Pálsson, Kristján and Sigurður Guðmundsson, and Douwe Jan Bakker) published an exhibition catalog and all the works in A4 format are kept in the archives of the Living Art Museum in Reykjavík.

In 1973, Hungarian conceptual artist and art critic Géza Perneckzy was invited to the artist-run gallery In-Out Center in Amsterdam, where he showed his conceptual series *Art Bubbles, Yes-No Strategy* and *Mirror Dance*. Also in the Netherlands, in Haarlem, Kees Visser, Rúri, and Helgi Þorgils Friðjónsson invited the Hungarian Gábor Attalai in 1977 for a *Red-y made* show in their newly founded Galerie Lóa. Eggert Pétursson and Ingólfur Arnarsson realized *Red-y and Post Red-y makes* by Attalai in a similar way in Gallery Suðurgata 7 in Reykjavík in 1978. Only a few months later, Endre Tót had a mail-art exhibition *Rainy questions* also in Gallery Suðurgata 7.

To evoke these historical shows, we borrowed works of art, photographs, and documents from the Living Art Museum, Reykjavík, National Gallery of Iceland, Ludwig Museum Budapest, Vintage Galéria and abc Gallery Budapest, and private collectors from Budapest, Paris, Amsterdam, and Reykjavík.

ÆFINGAR Í SIGLINGUM - þar sem hægt er að skipta út, eða sleppa, höfuðáttunum í áttavitanum, [Köln 1972].
Í boði Géza Perneckzy

NAVIGATION EXERCISES with the compass having exchangeable and leaveable cardinal points, [Köln 1972].
Courtesy of Géza Perneckzy




GÉZA PERNECZKY



Mirror Dance [Modulated Person], myndasería, 1973.
Birt með leyfi Géza Perneckzy.

Mirror Dance [Modulated Person], detail from the photo series, 1973. Courtesy of Géza Perneckzy.

GÁBOR ATTALAI



RED-Y-MADE No. 481, 1978. Í einkaeign, París.

RED-Y-MADE No. 481, 1978. Private collection, París.



Regnvotar spurningar, 1978.
Birt með leyfi acb Gallery, Búdapest
Rainy questions, 1978
Courtesy of acb Gallery, Budapest

ENDRE TÓT



Evergreen idea by Endre Tót, 1971.
Úr safneign Nýlistasafnsins
Evergreen idea by Endre Tót, 1971.
From the collection of the Living Art Museum

Í sal 1 sýnum við verk listamannanna eins og þeir starfa í dag og það er áhugavert að sjá hvernig þau hafa þróast sem listamenn.

Listamennirnir sex voru á mismunandi stigum ferla sinna á þessum tíma. Árið 1973 höfðu Kristján Guðmundsson (f. 1941 á Snæfellsnesi) og Sigurður Guðmundsson (f. 1942 í Reykjavík) þegar haldið nokkrar einkasýningar á Íslandi, Þýskalandi og Hollandi og stofnað og rekið Gallerí SÚM í Reykjavík, Galerie Signal og In-Out Center í Amsterdam.

Kees Visser (f. 1948, Holland) settist að á Íslandi eftir að hafa stýrt Galerie Lóa í Haarlem með Rúrí (f. 1951, Reykjavík) sem hélt svo áfram námi í Hollandi. Eggert Pétursson (1956, Reykjavík) og Ingólfur Arnarsson (1956, Reykjavík) voru listnemar í Reykjavík þegar þeir unnu við sýningarnar í Gallerí Suðurgötu 7. Listamennirnir sem sýna á þessari sýningu hófu feril sinn á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og eru á meðal virtustu og þekktustu listamanna Íslands í dag.

Við viljum þakka listamönnum, BERG Contemporary, i8 og þeim sem lánuðu úr einkasöfnum.

In Gallery 1, we present the current art practices of the artists that initiated the exhibitions in the 1970s. It is of great interest to see how their artistic paths diverged.

The six artists were at different stages of their career at that time. By 1973, Kristján Guðmundsson (b. 1941, Snæfellsnes Peninsula) and Sigurður Guðmundsson (b. 1942, Reykjavík) had already had several solo exhibitions in Iceland, Germany and the Netherlands, founded and run the galleries SÚM in Reykjavík, Galerie Signal and In-Out Center in Amsterdam. Kees Visser (b. 1948, the Netherlands) settled down in Iceland for a few years after running Galerie Lóa in Haarlem with Rúrí (b. 1951, Reykjavík) who went to the Netherlands to continue her studies. Eggert Pétursson (1956, Reykjavík) and Ingólfur Arnarsson (1956, Reykjavík) were art students in Reykjavík when they were working at the exhibitions in Gallery Suðurgata 7.

Starting their career in the sixties and seventies, the artists represented in this show are among the most well-established figures of Icelandic art scene today. For their loans of artworks, our thanks go to the artists, BERG Contemporary, i8, and private collectors from Reykjavík.




Eggert Pétursson

Án titils, 2015

Með leyfi: Rannveig Eir Einarsdóttir / Hilmar Þór Kristinsson

Untitled, 2015

Courtesy of Rannveig Eir Einarsdóttir / Hilmar Þór Kristinsson




Ingólfur Arnarsson

Án titils 6, 2018

Með leyfi listamannsins
og i8 gallerí, Reykjavík

Untitled 6, 2018

Courtesy of the artist
and i8 Gallery, Reykjavík




Kristján Guðmundsson

Red or Red Poem, 2005

Með leyfi listamannsins og i8 gallerí, Reykjavík

Courtesy of the artist and i8 Gallery, Reykjavík





Kees Visser

16 tónum af bláum (Y röð), 2016
Með leyfi listamannsins og BERG
Contemporary, Reykjavík

16 Shades of Blue (Y Series), 2016
Courtesy of the artist and BERG
Contemporary, Reykjavík




Rúri

Balance-XII, 2016

Balance-XVI, 2016

Með leyfi listamannsins

Courtesy of the artist





Sigurður Guðmundsson

Come Back Muse, 2013

Með leyfi listamannsins

Courtesy of the artist

Eru þið ánægð ef þið megið spyrja um eitthvað?

SÝNINGARSTJÓRI

Zsóka Leposa

AÐSTOÐARSÝNINGARSTJÓRI

László Százados

LISTAMENN

Eggert Pétursson

Endre Tót

Gábor Attalai

Géza Pernecky

Ingólfur Arnarsson

Kristján Guðmundsson

Kees Visser

Rúrí

Sigurður Guðmundsson